

Fundargerð aðalfundar

Þekkingarsetur Vestmannaeyja

Aðalfundur Þekkingarseturs Vestmannaeyja ses. var haldinn mánudaginn 21. maí 2012 og hófst kl. 10.00 í fundarsal Sagnheima í Safnahúsi við Ráðhúströð, Vestmannaeyjum.

Til aðalfundarins var boðað skriflega og með tölvupósti 7. maí sl. í samræmi við samþykktir félagsins og ítrekað í tölvupósti föstudaginn 18. júní sl. Á ársfundinn voru fulltrúar frá átta stofnaðilum. Elliði Vignisson, formaður stjórnar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Fundurinn samþykkti tillögu um að Arnar Sigurmundsson annaðist fundarstjórn og Páll Marvin Jónsson fundarritun.

1.mál. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Formaður stjórnar, Elliði Vignisson gerði grein fyrir störfum stjórnar en alls voru haldnir sex stjórnarfundir á síðasta ári en fimm frá síðasta aðalfundi. Framkvæmdastjórn ÞSV þ.e. form. varaform og framkvæmdastjóri hittust reglulega og voru í miklum samskiptum milli stjórnarfunda. Mikil vinna hefur farið í að ræða áform um nýtt húsnæði fyrir Þekkingarsetrið.

Fram kom í máli stjórnarformanns að lending er að nást framtíðarlausn fyrir Þekkingarsetrið í húsnæðismálum. Vestmannaeyjabær hefur samþykkt kauptilboð Þekkingarsetursins á húsnæði Vestmannaeyjabæjar á annarri hæð að Strandvegi 30, en hæðin er tæplega 800 fermetrar, með þeim fyrirvara að ÞSV takist að tryggja langtíma leigusamninga og fjármögnun á kaupum og framkvæmdum við húsnæðið.

Formaður stiklaði á stóru í starfsemi félagsins og kom þar inn á samstarf Vestmannaeyjabæjar við Þekkingarsetrið um hönnun Sagnheima sýningarinnar og rekstur safnanna. Einnig kom formaður inn á þær rannsóknir sem voru stundaðar innan sjávarrannsóknamiðstöðvar ÞSV og samning Þekkingarsetursins við Hafró um rekstur rannsóknarbátsins Friðrik Jesson VE.

Stjórnarformaður áréttaði að nauðsynlegt er að ljúka þessari vinnu við framtíðarhúsnæði ÞSV svo að hægt sé að setja fullan þunga í þá starfsemi sem Þekkingarsetrið stendur fyrir. Þegar starfsemin hefur komið sér fyrir í nýju húsnæði hefur stjórn áformað að gera stöðumat, greina styrkleika og veikleika, skilgreina ný markmið og móta framtíðarsýn fyrir Þekkingarsetur Vestmannaeyja. Að lokum þakkaði stjórnarformaður stjórn og starfsfólki Þekkingarseturs Vestmannaeyja fyrir vel unnin störf.

Skýrsla framkvæmdastjóra

Páll Marvin Jónsson, frkvstj. flutti skýrslu um starfsemi ÞSV. Í fundargögnum var ársskýrsla fyrir starfsárið 2011.

Fram kom í skýrslu framkvæmdastjóra að allt frá stofnun í janúar 2008 hefur starfsemin verið að mótast og í raun tekið töluverðum breytingum en þó allt innan ramma stofnskrár Þekkingarsetursins. Í janúar 2011 tók Þekkingarsetrið yfir rekstur Byggðasafns Vestmannaeyja. Þekkingarsetrið tók einnig að sér ákveðna vinnu við endurhönnun á safninu. Í dag segir safnið sögu Vestmannaeyja á formi frásagna, með munum, hljóðritunum og fjölbreyttri margmiðlunartækni. Helga Hallbergsdóttir var ráðin safnstjóri og tók hún við lyklum safnsins úr höndum fyrrum safnstjóra og meðhönnuði sýningarinnar, Jóhönnu Ýr Jónsdóttir við opnun safnsins 2. júlí 2011.

Fram koma að gott samstarf er milli safnstjóra Sæheima og Sagnheima starfa þeir náð með öðru starfsfólki Þekkingarsetursins. Þessi samvinna er í þróun en undirliggjandi markmið er að efla fræða- og rannsóknastarf innan safnanna og miðla þeim upplýsingum til almennings og fræðimanna. Samningar við Vestmannaeyjabæ um rekstur Sagnheima og Sæheima voru framlengdir óbreyttir fyrir árið 2012.

Framkvæmdastjóri áréttaði mikilvægi Sjávarrannsóknamiðstöðvarinnar og að þar verði þungamiðja starfsemi Þekkingarsetursins og þeirra rannsóknastofnanna sem starfa að sjávertengdum rannsóknum. Töluvert að rannsóknabúnaði er í eigu miðstöðvarinnar og var gerður rekstrarsamningur við Hafrannsóknastofnunina um yfirtöku á rekstri á rannsóknarbátum Friðriki Jessyni VE. Fram kom að fyrir liggur heimild í fjárlögum um að Þekkingarsetrið fái bátinn afhentan til eignar á árinu 2012 en báturinn er mikilvægur í tengslum við þá uppbyggingu á rannsóknaraðstöðu sem unnið er að við Þekkingarsetrið.

Í lok árs 2011 var skrifað undir þriggja ára samning við Menntamálaráðuneytið sem mun tryggja rekstur Þekkingarsetursins og sjávarrannsókna ÞSV til loka árs 2013. Framlag ríkis til reksturs Þekkingarsetursins var á árinu 2011 fjórtán milljónir en er fimmtán milljónir 2012.

Framkvæmdastjóri ræddi síðan framtíðarhúsnæðismál Þekkingarsetursins. Undanfarið ár hefur mikil vinna verið lögð í að finna lausn á húsnæðis- og aðstöðumálum ÞSV. Vinna stendur yfir með að klára að fjármagna kaup á 790 fermetrum á annarri hæð í verslunar- og lagerhúsnæði Miðstöðvarinnar að Strandvegi 30, en eignin er í eigu Vestmannaeyjabæjar. Fram kom að staðsetning húsnæðisins er í hjarta bæjarins á horni Bárustígs og Strandvegar. Fráfarandi stjórn hefur leitað tilboða frá Íslandsbanka, Landsbanka, Arion banka og Sparisjóði Vestmannaeyja um að fjármagna væntanleg kaup og framkvæmdir á Strandvegi 30. Mun það verða eitt fyrsta hlutverk nýrrar stjórnar að taka afstöðu til þessara tilboða.

Að lokum kom fram í máli framkvæmdastjóra að í nýju og bættu húsnæði mun ÞSV bjóða upp á aðstöðu þar sem hægt verður að hnoða kröftum atvinnulífsins saman við hugarflug þekkingarsamfélagsins í þeim megin tilgangi að stuðla að nýsköpun innann fyrirtækja og hugsanlega myndun nýrra sprota fyrirtækja sem geta nýtt sér aðstöðu og stoðkerfi Þekkingarsetursins.

2.mál. Ársreikningur ÞSV 2011

Guðmundur Ásgeirsson, endurskoðandi frá Deloitte fór yfir ársreikninginn.

Fram kom hjá Guðmund að um er að ræða endurskoðun sem er aðferðarfræði sem þróuð er af Deloitte og byggir á alþjóðlegum staðli ISRE 2400 um könnun ISA. Könnunin fól í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum Þekkingarsetursins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Rekstrarreikningur ársins 2011

	Árið 2012	Árið 2010
Rekstrartekjur	26.009.759	17.298.661
Aðrar tekjur	49.536.745	45.202.817
Laun og annar starfsmannakostnaður	(14.828.475)	(15.771.663)
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	(3.356.082)	(2.494.894)
Annar rekstrarkostnaður	(11.063.540)	(13.538.259)
Sagnheimar	(13.223.872)	(8.608.118)
Sjávarrannsóknir	(19.311.261)	(10.412.717)
Sæheimar	(13.451.973)	(14.129.403)
Fjármagnstekjur netto námu samtals kr.	<u>2.815.779</u>	<u>674.595</u>
Afkoma ársins 2010 var jákvæð um kr.	<u>2.815.779</u>	<u>547.324</u>

Rekstrarreikningur – breytingar á milli ára

Rekstrartekjur aukast mikið vegna nýrra tekjupósta, Sagnheimar 3,8 milljónir og seld þjónusta hjá Sjávarrannsóknnum 4,2 milljónir.

Aðrar tekjur hækka um 4,3 milljónir eða 10%. Verkefnastyrkir dragast saman um 7 milljónir, inn kemur nýtt rekstrarframlag frá Vestmannaeyjabæ vegna Sagnheima upp á 6,6 milljónir, sala á bát og tuðru skilar 2,3 milljónum, framlag frá ríkinu vegna Sjávarrannsóknna nemur 9 milljónum.

Annar rekstrarkostnaður lækkar um 2,4 milljónir eða 18%. Fyrst og fremst vegna tekjufærslu á opinberum gjöldum sem búið var að gjaldfæra. Rekstrarkostnaður Sagnheima hækkar um 4,6 milljónir en rekstur safnsins var tekinn yfir í janúar 2011. Rekstrarkostnaður Sjávarrannsóknna hækkar um 8,9

milljónir en rekstur Friðrik Jessonar var tekinn yfir á árinu. Fjárfest var í rannsóknarvörum í gegnum verkefni fyrir 2 milljónir, námskeiðskostnaður 1,5 milljón, styrkir 1,5 milljónir og laun hækka um 3,5 milljónir. Þetta er í raun allt verkefna tengdur kostnaður. Rekstrarkostnaður Sæheima hækkar lítillega en reksturinn var tekinn yfir 2010 og þá voru gerðar ýmsar breytingar á starfseminni.

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

Eigið fé Þekkingarseturs Vm. í árslok 2011 var kr. 26.288.735, þar af stofnfé kr. 7.700.000. Niðurstaða efnahagsreiknings 2011 var kr. 82.025.650.

	Árið 2012	Árið 2010
Eigið fé	26.288.735	23.345.685
Skuldbindingar	47.500.000	47.558.445
Eigið fé og skuldir	<u>82.025.650</u>	<u>73.905.439</u>

Aðrar skuldbindingar

Skuldbindingar ÞSV vegna Vestmannaeyjabæjar-húsakaupa eru áfram 37,5 millj. kr., og kr. 10,0 millj. kr. vegna tækjakaupa og stofnkostnaðar Sjávarrannsóknna ÞSV. Samtals nema þessir liðir 47,5 millj. kr í árslok 2011. Peningalegar eignir á móti þessum skuldbindingum eru á geymdir og ávaxtaðir á innlánsreikningum í Sparisjóði Vm.

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Þekkingarseturs Vestmannaeyja ses. á árinu, efnahag þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ársreikningurinn, sem var saminn af Deloitte var einróma samþykktur ásamt skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra ÞSV .

3.mál. Kosning stjórnar og endurskoðenda

Í stjórn ÞSV voru kjörin: Elliði Vignisson, bæjarstjóri, Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, Sveinn Margeirsson, forstjóri Mátis ohf., Arnar Sigurmundsson, frkvstj., form. stjórnar Visku, Rögnvaldur Ólafsson, forstm. Fræðasetra Háskóla Íslands, Anna Sigríður Hjaltadóttir, vinnslustjóri hjá VSV hf., Hrafn Sævaldsson, ráðgjafi/verkefnisstjóri hjá AÞS.

Endurskoðendur voru kjörnir: Deloitte – endurskoðun.

4.mál. Þóknun til stjórnarmanna ÞSV

Aðalfundurinn samþykkti að þóknun til stjórnarmanna ÞSV verði kr. 100 þúsund á mann fyrir liðið starfsár og að auki 18 þúsund krónur fyrir hvern setinn stjórnarfund.

Formaður stjórnar fær tvöfalda þóknun og varaform. 50% álag á þóknun stjórnarmanna, en þeir sitja báðir í framkvæmdaráði ÞSV ásamt framkvæmdastjóra.

5.mál. Tillögur til breytinga á samþykktum ÞSV

Engin tillaga til breytinga á samþykktum.

6.mál. Starfs- og rekstraráætlun ÞSV fyrir árið 2011

Rekstraráætlun 2012

Framkvæmdastjóri ÞSV fór yfir forsendur rekstraráætlunar 2012 og gerði grein fyrir áætlun á afkomu deilda innan ÞSV. Gert er ráð fyrir jákvæðri afkomu allra deilda og að hagnaður ársins verði kr. 1.493.000.

Tekjur aðaldeildar ÞSV eru annarsvegar samningur við Menntamálaráðuneytið kr. 15,100,000 og tekjur vegna útseldri þjónustu, leigu og reksturs sem skiptist eftirfarandi: Leiga kr. 5.403,000; Þjónusta kr. 5.054,000; Rekstur kr. 3.062,000. Alls kr. 13.519,000. Fermetraverðið fyrir grunnleigu verður 1.408 kr/fm . Grunnleiga, þjónusta og rekstur hækka um 6,5% frá árinu 2011.

Tekjur safnasviðs byggja á rekstararsamningum við Vestmannaeyjabæ. Vegna Sæheimaa, fiskasafns kr. 10.8 milljónir og Sagnheima, byggðasafns kr. 6.6 milljónir. Aðrar tekjur af söfnum eru Sæheimar 3,8 milljónir og Sagnheimar 2,1 milljónir.

Tekjur Sjávarrannsóknamiðstöðvar byggja á samningi við Menntamálaráðuneytið kr. 9 milljónir, tekjur vegna aðstöðu kr. 1,5 milljón og tekjur vegna rannsóknarbáta kr. 1 milljón. Þjónustuverkefni eru ekki tekinn inn í tekjuáætlun enda eru þau oft mjög tilfallandi.

Yfirlit deilda:

	Tekjur	Kostnaður	Afkoma
ÞSV- aðaldeild	30.119.000	29.375.000	744.000
Sæh.fiskasafn	14.600.000	14.306.000	294.000
Sagnh. Byggðas.	8.700.000	8.335.000	365.000
Sjávarranns.	11.500.000	11.410.000	90.000
Alls	63.919.000	63.426.000	1.493.000

Starfsáætlun 2012

Framkvæmdastjóri fór síðan yfir starfsáætlun ársins 2012. Starfsáætlunin er fjölpætt en er hér stiklað á stóru. Samstarfsvettvangurinn HUGEIMAR mun reglulega halda skipulagða forstöðumanna- og verkefnafundi. Einnig eru áform um að halda áfram uppteknum hætti og kynna starfsemi einstakra

stofnanna innan ÞSV á opnu fundum eða erindum. Verkefni þjónustuskrifstofu eru fjölþætt, þar má nefna rekstur húsnæðis, símavarsla, skipulagning funda, bókhald og umsjón kaffistofu.

Á safnasviði eru ýmis fjölbreytt verkefni í gangi ýmist er tengjast daglegum rekstri og eða sértækari verkefnum. Innan sjávarrannsóknamiðstöðvarinnar eru áætlanir uppi um að flytja aðstöðuna á jarðhæð Fiskiðjunnar. Gert er ráð fyrir að eignarhald rannsóknabátsins Friðriks Jessonar verði flutt yfir á Sjávarrannsóknamiðstöðina með sérstökum samningi þar um við Hafrannsóknastofnun.

Að lokum fór framkvæmdastjóri yfir stöðu mála varðandi húsnæðið að Strandvegi 30. Gert er ráð fyrir að hönnun verkefnisins verði boðin út á næstu dögum og svo lengi sem að samningar náist við alla leigutaka að framkvæmdir hefjist strax í haust 2012.

Fleira ekki bókað

Fundarstjóri sleit fundi kl 11:15 og þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund.

Arnar Sigurmundsson, fundarstjóri

Páll Marvín Jónsson, fundarritari